

**Borgarráð****Hækkun tekju- og eignamarka í reglum Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning**

Lagt er til að borgarráð samþykki hækkun tekjumarka sem fram koma í 5. gr. reglna Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning, afturvirkir frá 1. janúar 2026, sem hér segir:

Fjöldi heimilis- Fólks	Neðri tekjumörk á ári	Efri tekjumörk á ári	Neðri tekjumörk á mánuði	Efri tekjumörk á mánuði
1	6.288.094	7.860.118	524.007	655.010
2	8.363.165	10.453.956	696.930	871.163
3	9.746.546	12.183.183	812.212	1.015.265
4	10.563.998	13.204.998	880.334	1.100.416
5	11.444.332	14.305.414	953.695	1.192.118
6+	12.324.665	15.405.830	1.027.055	1.283.820

Jafnframt er lagt til að samþykkt verði að eignamörk samkvæmt 6. tl. 1. mgr. 3. gr. reglna Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning verði hækkuð úr 8.079.000 kr. í 8.499.000 kr. og gildi afturvirkir frá 1. janúar 2026.

Greinargerð:**Hækkun tekjumarka sérstaks húsnæðisstuðnings**

Þann 1. janúar 2026 tók gildi breyting á reglugerð nr. 1200/2016 um húsnæðisbætur. Í breytingunum fólst að frítekmörk vegna húsnæðisbóta hækkuðu um 5,20%.

Lagt er til að samþykkt verði breyting á reglum Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning á þann veg að fjárhæðir tekjumarka samkvæmt 5. gr. reglnanna verði jafnframt hækkuð um 5,20% og breytingin taki gildi þann 1. janúar 2026 til samræmis við breytingar á reglugerð nr. 1200/2016 um húsnæðisbætur.

Núgildandi tafla varðandi tekjumörk í 5. gr. er svohljóðandi:

Fjöldi heimilis- Fólks	Neðri tekjumörk á ári	Efri tekjumörk á ári	Neðri tekjumörk á mánuði	Efri tekjumörk á mánuði
1	5.977.276	7.471.595	498.106	622.633
2	7.949.777	9.937.221	662.481	828.102
3	9.264.778	11.580.973	772.065	965.081
4	10.041.824	12.552.280	836.819	1.046.023
5	10.878.642	13.598.303	906.554	1.133.192
6+	11.715.461	14.644.326	976.288	1.220.361



Lagt er til að tafla varðandi tekjumörk 5. gr. verði svohljóðandi:

Fjöldi heimilis- Fólks	Neðri tekjumörk á ári	Efri tekjumörk á ári	Neðri tekjumörk á mánuði	Efri tekjumörk á mánuði
1	6.288.094	7.860.118	524.007	655.010
2	8.363.165	10.453.956	696.930	871.163
3	9.746.546	12.183.183	812.212	1.015.265
4	10.563.998	13.204.998	880.334	1.100.416
5	11.444.332	14.305.414	953.695	1.192.118
6+	12.324.665	15.405.830	1.027.055	1.283.820

Hækkun eignamarka sérstaks húsnæðisstuðnings

Þegar reglur um sérstakan húsnæðisstuðning voru upphaflega samþykktar var gert ráð fyrir að eignamörk væru þau sömu og þau mörk sem sett eru fyrir leigjendur Félagsbústaða enda er stór hluti þeirra sem fá sérstakan húsnæðisstuðning að leigja hjá Félagsbústöðum. Lagt er til að eignamörk hækki til samræmis við eignamörk í reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði. Eignamörkin miða við reglugerð nr. 1342/2020 um ráðstöfun leiguíbúða skv. 37. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998, en þann 1. janúar 2026 voru eignamörk samkvæmt reglugerðinni hækkuð úr 8.079.000 kr. í 8.499.000 kr.

Lagt er til að samþykkt verði breyting á 6. tl. 1. mgr. 3. gr. reglna Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning á þann veg að samanlagðar eignir umsækjanda og annars heimilisfólks séu ekki hærri en 8.499.000 kr. Lagt er til að breytingin taki gildi frá 1. janúar 2026.

Núgildandi 6. tl. 1. mgr. 3. gr. er svohljóðandi:

Samanlagðar eignir umsækjanda og annars heimilisfólks, 18 ára og eldra, á síðastliðnu ári séu ekki hærri en 8.079.000 kr.

Lagt er til að 6. tl. 1. mgr. 3. gr. verði svohljóðandi:

Samanlagðar eignir umsækjanda og annars heimilisfólks, 18 ára og eldra, á síðastliðnu ári séu ekki hærri en 8.499.000 kr.

Heildaráætlun ársins 2026 fyrir sérstakan húsnæðisstuðning er 1.740 m. kr. og gert er ráð fyrir að hækkunin rúmist innan fjárheimilda velferðarsviðs.

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri